

Stafræn heilbrigðisþjónusta fyrir einstaklinga með hjartabilun



Þróað fyrir þig til að bæta heilsu og auka lífsgæði

Þér er boðið!

Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir sérfræðingar hjá Sidekick Health og hjartadeild Landspítalans hafa tekið höndum saman um að þróa smáforrit (app) sem er aðlagð að þörfum einstaklinga með hjartabilun. Til að meta gagnsemi þess bjóðum við þér þátttöku í 12 mánaða rannsókn. Smáforritinu er ætlað að veita notendum stuðning umfram hefðbundna heilbrigðisþjónustu, auka skilning þeirra á einkennum og styðja við breytingar á lífsháttum sem auka lífsgæði.

Um hvað snýst þátttaka í rannsókninni?

Allir þátttakendur sem hafa áhuga á þátttöku fá kynningu á rannsókninni og skrifa að því loknu undir samþykki þess að taka þátt. Þátttakendum verður síðan raðað af handahófi í annað hvort rannsóknarhóp eða samanburðarhóp. Þátttakendur í báðum hópum fá hefðbundna eftirfylgni á göngudeild hjartabilunar en því til viðbótar verða þeir boðaðir á Landspítalann við Hringbraut í heilsufarsmælingu, göngupróf, ómskoðun af hjarta og blóðprufur. Einnig verða þátttakendur beðnir um að svara heilsutengdum spurningalistum nokkrum sinnum yfir 12 mánaða tímabil.

Ef þú lendir í rannsóknarhópi

Auk ofangreindrar þátttöku færðu smáforritið frá Sidekick til afnota. Við hjálpum þér að setja það í símann þinn og kennum þér að nota það. Þar ertu beðin/n að skrá einkenni, skoða fræðslufni, taka þátt í stuttum verkefnum og setja þér heilsufarsleg markmið. Hjúkrunarfræðingar sem vinna við rannsóknina munu styðja við bakið á þér með hvetjandi skilaboðum og leiðbeiningum í gegnum smáforritið. Þau einkenni hjartabilunar sem þú skráir í smáforritið verða ennfremur vöktuð á dagvinnutíma og verða hjúkrunarfræðingar á göngudeild hjartabilunar láttnir vita ef bregðast þarf við. Þetta nefnist fjarvöktun einkenna.

Ef þú lendir í samanburðarhópi

Þú færð aðgang að Sidekick smáforritinu þér að kostnaðarlausu 12 mánuðum eftir að þú byrjaðir í rannsókninni.

Hvað er Sidekick health?

Sidekick Health er frumkvöðlafyrirtæki sem sérhæfir sig í stafrænni heilbrigðisþjónustu og styðst eingöngu við vísindalegar rannsóknir. Markmið þess er að fræða, styðja og auðvelda einstaklingum með langvinna- og/eða lífsstílstengda sjúkdóma að takast á við breytingar á lífsháttum sem auka lífsgæði þeirra.

Ein skemmtileg staðreynd í lokin! Þegar þú notar appið geturðu ekki aðeins bætt eigin heilsu, heldur gert góðverk í leiðinni. Því virkari sem þú ert, því fleiri vatnsdropum safnarðu. Og því fleiri dropum sem þú safnar, því meira hreint drykkjarvatn mun Sidekick ánafna börnum í neyð.

Ef ekki er búið að hringja í þig verður það gert á næstu dögum/vikum og þér leiðbeint um næstu skref. Vanti þig frekari upplýsingar um rannsóknina, hafðu samband við:

[Heiðu Birnu Bragadóttur, verkefnastjóra hjá Sidekick Health](#)

heidabirna@sidekickhealth.com

www.sidekickhealth.com

